

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXIV. árgangur.

3. hefti.

1994

Nr. 288/1994.

Fimmtudaginn 30. júní 1994.

Eikin-Ís hf.

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

Heild III hf.

Frico

Guðmundi Jónssyni hf.

Kristni Bergssyni

Insúla hf.

J.S. Gunnarssyni hf.

Járni og gleri hf.

London tóbaksverslun

Ólafi Guðnasyni hf.

Látri hf.

Raftækjaverslun Íslands hf.

Sigurði H. Egilssyni

Sigurði H. Egilssyni hf.

Vélum og verkfærum hf.

Vélanausti hf.

Ásgeiri Eiríkssyni

H. Helgasyni hf. og

K.G.B. hf.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Stefna. Kröfugerð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. júní 1994, sem barst réttinum ásamt kærugögnum 21. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdóm-

ara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann úr hendi varnaraðila in solidum málskostnaðar í héraði og kærúmálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið kærúmálið til sín taka.

Vegna aðilaskipta að sókn málsins í héraði er sá aðili, sem málið höfðaði, nefndur stefnandi í dómi þessum, þegar hans er getið, til aðgreiningar frá sóknaraðila í kærumálinu.

Á fundi í Heild III 15. mars 1993 var samþykkt tillaga um brottrekstur stefnanda úr byggingarhópnum Heild III vegna vanskila á umsömdu framlagi hans til byggingarkostnaðar. Byggðist brottreksturinn á 14. gr. í byggingarsamningi aðila, svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði. Framlag stefnanda átti samkvæmt bókhaldi Heildar III að nema samtals 5.848.339 krónum, en nam 1.449.501 krónu, þar af dráttarvextir 62.891 króna. Er því haldið fram, að stefnandi hafi fengið endurgreiddan virðisaukaskatt, að fjárhæð 1.150.878 krónur, svo að í reynd hafi framlag hans numið 298.623 krónum. Af hálfu stefnanda var látið við það sitja að mótmæla brottrekstrinum sem ólögmætum, en skuldin virðist ekki vera vefngd. Réttarstaða stefnanda gagnvart varnaraðilum og framgangur krafna hans á hendur þeim hlaut að ráðast af úrlausn þessa ágreiningsefnis. Það var því óhjákvæmilegt, að hann léti fyrst og fremst á það reyna í málinu og hagaði kröfugerð sinni í samræmi við það.

Seinni aðalkrafa stefnanda var um viðurkenningu á hlutdeild í eignarrétti að tilteknum hlutum fasteignarinnar Skútuvogs 1. Engin grein var hins vegar gerð fyrir því, hvað lægi til grundvallar þeirri skiptingu eignarinnar, sem krafan byggðist á.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, gerði stefnandi ekki heldur grein fyrir því í tengslum við kröfu sína um viðurkenningu á hlutdeild í eignarrétti að fasteigninni, hvernig ljúka ætti skuldaskilum hans við gagnaðila málsins, en það var vitaskuld óhjákvæmilegt í ljósi verulegra vanefnda hans á greiðslu hlutdeildar í áföllnum byggingarkostnaði.

Varakröfur stefnanda í héraði eru meira og minna vanreifaðar og lítt eða ekki gögnum studdar.

Auk megingalla á kröfugerð stefnanda samkvæmt framansögðu er málátílbúnaði hans að öðru leyti í ýmsu áfátt. Meðal annars skorti verulega á, að atvikum og málsástæðum væru gerð viðhlítandi skil í stefnu, en efni málsins er þannig vaxið, að nauðsynlegt var, að reifun þess þar væri skýr og skipuleg. Er málátílbúnaður

stefnanda að þessu leyti andstæður fyrir mælum e-liðar 80. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt þessu var málið þannig úr garði gert, að verulega skorti á, að það væri tækt til efnisdóms. Var héraðsdómara við svo búið rétt að vísa því í heild frá dómi ex officio.

Með skírskotun til þessa ber að staðfesta frávísun málsins frá héraðsdómi.

Vegna útivistar varnaraðila reynir ekki á kærumálskostnað.

Sóknaraðili hefur í kæru tekið upp alla kröfugerð stefnanda í héraði og jafnframt meginefni stefnunnar. Þetta er andstætt fyrir mælum 145. gr. laga nr. 19/1991 um efni kæru og aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð :

Hin kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 19. maí sl. að loknum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu þeirra stefndu, sem mætt hafa í málinu og haldið uppi vörnum.

Það er höfðað með stefnu, dagsettri 30. desember 1993, til þingfestingar hér fyrir dómi hinn 25. janúar 1994.

Stefnandi málsins var upphaflega Eikin hf., kt. 531072-0229, Skútuvogi 12 K, Reykjavík. Í þinghaldi í málinu hinn 28. apríl sl. lagði lögmaður stefnanda fram framsal upphaflegs stefnanda, dags. 27. apríl sl., til firmans Eikin-Ís hf., kt. 630394-2369, á öllum réttindum sem dómkröfur hans varða á hendur stefndu í máli þessu. Í framsali þessu kemur fram, að framsalshafi taki við aðild málsins og rekstri þess á sinn kostnað og ábyrgð í því horfi, sem það þá var. Sóknaraðild málsins breyttist því þannig, að sóknaraðili verður eftirleiðis Eikin-Ís hf., hér eftir nefnd stefnandi.

Stefndu voru upphaflega 1) Heild III hf. [...]; 2) Frico [...]; 3) Guðmundur Jónsson hf. [...]; 4) Kristinn Bergsson [...]; 5) Insúla hf. [...]; 6) J. S. Gunnarsson hf. [...]; 7) Járn og gler hf. [...]; 8) Ketill Axelsson [...]; 9) Ólafur Guðnason hf. [...]; 10) Látur hf. [...]; 11) Raftækjaverslun Íslands hf. [...]; 12) Sigurður H. Egilsson [...]; 13) Sigurður H. Egilsson hf. [...]; 14) Vél-ar og verkfæri hf. [...]; 15) Vélanaustr hf. [...]; 16) Ásgeir Eiríksson [...]; 17) Árni B. Sveinsson [...]; 18) H. Helgason hf. [...]; 19) K. G. B. hf. [...].

Stefnandi féll frá kröfum á hendur stefnda Árna B. Sveinssyni með yfirlýsingu, dags. 12. apríl sl.

Í upphafi var mætt f.h. stefnda Ketils Axelssonar, en þingsókn féll niður

af hans hálfu við fyrirtækt málsins hinn 12. apríl sl., án þess að skilað hefði verið greinargerð í málinu fyrir hans hönd.

Ekki var mætt í málinu af hálfu stefndu Vélanausts hf., K.G.B. hf., H. Helgasonar hf., Ásgeirs Eiríkssonar og Kristins Bergssonar. Aðrir stefndu, tólf að tölu, hafa mætt í málinu og haldið þar uppi vörnum gegn dómkröfum stefnanda.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega og á hendur öllum stefndum in solidum:

A) Krafist er ógildingar á eignaskiptasamningi um Skútuvog 1, Reykjavík, út gefnum 18. maí 1993 í Reykjavík, innfærðum í veðmálabækur Reykjavíkur 9. ágúst 1993, skjal nr. 13769, til Heildar III hf., að því er varðar eignarhlutann vesturhluta 3. hæðar 1H, sem er alls 173,65 m² í séreign, og eignarhluta í stigahúsi 1H, 15,21%, og heildarhúseign 1,50%, skráð nr. 04-22 í eignaskiptasamningi.

B) Að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda í Skútuvogi 1, Reykjavík, að því er varðar eignarhlutann vesturhluta 3. hæðar 1H, sem er alls 173,65 m² í séreign, og eignarhluta í stigahúsi 1H, 15,21%, og heildarhúseign 1,50%, skráð nr. 04-22 í eignaskiptasamningi.

C) Að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda að 1,50% í Skútuvogi 1A, Reykjavík, eignarhluta: a) vesturhluta 1. hæðar 1A, hluti 0101 279,43 m² og 19,79% í stigahúsi 1A og 3,12% í heildarhúseign með samþykktu milligólfi 0201,83 m², með samþykktu milligólfi 0202 78 m² (223,0 m² þegar byggðir); b) vesturhluta 2. hæðar, 1A hluti, sem er alls 177,65 m² í séreign, og eignarhluta í stigahúsi 1A, 1,54%; c) vesturhluta 3. hæðar, 1A hluti, sem er alls 177,65 m² séreign, og eignarhluti í stigahúsi 1A er 15,0% og í heildarhúseign 1,53%; eignarhlutar þessir voru í upphaflegum byggingarsamningi merkt eign H. Helgasonar hf.

D) Allir stefndu greiði in solidum bætur vegna missis stefnanda á afnotum af Skútuvogi 1H, Reykjavík, að því er varðar eignarhlutann vesturhluta 3. hæðar 1H, sem er alls 173,65 m² í séreign, og eignarhluta í stigahúsi 1H, 15,21%, og heildarhúseign 1,50%, skráð nr. 04-22 í eignaskiptasamningi kr. 16.201.680,00, auk dráttarvaxta skv. vaxtalögum frá stefnubirtingu til greiðsludags, kr. 7.918.440,00, auk dráttarvaxta skv. vaxtalögum frá stefnubirtingu til greiðsludags, vegna missis stefnanda á afnotum.

Varakröfur beinast að öllum stefndu in solidum og eru eftirfarandi:

E) Gerð er krafa um skaðabætur vegna eignaupptöku stefndu og missis hagnaðar stefnanda vegna ólögmatrar ráðstöfunar stefndu á eignarhlutum stefnanda að Skútuvogi 1, Reykjavík, sem er lýst í B- og C-lið hér að ofan,

allt vegna brottvísunar stefnanda úr byggingarhópnum Heild III. Krafan nemur vegna Skútuvogs 1H kr. 10.200.000,00 að frádregnum kr. 2.736.380,00 eða kr. 7.463.620,00 og vegna eignarhluta í Skútuvogi 1A kr. 573.454,00 eða samtals kr. 8.037.074,00, auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

F) Krafist er greiðslu á kr. 1.000.000 fyrir stjórnarstörf starfsmanns stefnanda, Sigmundar F. Kristjánssonar, sem stefnandi lagði til í þágu stefndu á byggingartíma húseignarinnar að Skútuvogi 1, Reykjavík. Stjórnarstörf, undirbúningsvinna og fundarstörf fóru fram á 5 ára tímabili, frá júní 1987 til ársloka 1992.

G) Krafist er endurgreiðslu á þegar greiddum byggingarkostnaði til byggingarhópsins Heildar III, kr. 1.386.610,00, auk dráttarvaxta frá 4. nóvember 1992 til greiðsludags.

H) Allir stefndu greiði in solidum bætur vegna missis stefnanda á afnotum af Skútuvogi 1H, Reykjavík, að því er varðar eignarhlutann vesturhluta 3. hæðar 1H, sem er alls 173,65 m² í séreign, og eignarhluti í stigahúsi 1H er 15,21% og heildarhúseign 1,50% skráð nr. 04-22 í eignaskiptasamningi kr. 16.201.680,00, auk dráttarvaxta skv. vaxtalögum frá stefnubirtingu til greiðsludags (sama krafa og í D-lið hér að ofan).

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Af hálfu þeirra tólf stefndu, sem haldið hafa uppi vörnum í málinu, er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara er þess krafist, að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Til þrautavara er þess krafist, að ef fallist verði á kröfu stefnanda, þá beri stefnanda að greiða byggingarkostnað svo og allan aukakostnað, er á stefndu hefur fallið vegna vanskila stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar [...].

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Dómkröfur stefnanda lúta að því aðallega, að eignaskiptasamningi um húseignina Skútuvog 1 í Reykjavík frá 18. maí 1993 verði rift með dómi og viðurkenndur verði eignarréttur hans að tilgreindu húsrými í sömu húseign.

Dómurinn lítur svo á, eins og málum er háttað, að riftun eignaskiptasamningsins frá 18. maí 1993 myndi ekki leiða til lausnar á ágreiningi málsaðila. Eftir stæði núgildandi eignaskiptasamningur frá 9. desember 1993. Sá samningur er sjálfstæð afmörkuð eignarheimild stefndu að umræddri húseign við Skútuvog 1 hér í borg og stendur ekki í beinu sambandi við fyrri samning, enda þótt sömu aðilar komi þar við sögu. Hinum síðari samningi

hefur verið þinglýst athugasemdalaust og er hann því lögbundin eignarheimild fyrir þá aðila, sem að honum standa. Honum verður ekki breytt nema með samkomulagi eigenda eða með dómi.

Þegar af þeirri ástæðu þykir rétt að vísa frá dómi kröfu sóknaraðila um riftun samningsins frá 18. maí 1993.

Að því er varðar kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á eignarrétti hans að tilgreindu húsrými í Skútuvogi 1, þá er það álit dómsins, að sú krafa sé svo nátengd riftunarkröfu hans, að sjálfstæður efnisdómur verði ekki felldur um hana eina sér. Í þessu sambandi vill dómurinn enn fremur benda á, að eignarréttur sóknaraðila yrði vart viðurkenndur, nema því aðeins að fyrir lægi af hans hálfu í kröfugerð hans eða á annan hátt boð um greiðslu andvirðis þess eignarhluta sem krafist er eignarréttar að, en fyrir liggur að verulega skortir á fullar efndir hans að þessu leyti. Þykir þessi annmarki einnig eiga að leiða til frávísunar þessa þáttar málsins.

Dómurinn lítur svo á varðandi varakröfur stefnanda, að rétt sé að vísa þeim frá dómi, í fyrsta lagi á grundvelli þess, að þær verði að skoðast og metast í samhengi við aðalkröfur hans í málinu, sem þegar hefur verið vísað frá dómi, og í annan stað sökum þess, hve óljósar og órökstuddar þær eru. Stefnandi hefur að vísu óskað eftir dómkvaðningu matsmanna til að staðreyna þær fjárhæðir, sem varakröfur hans byggjast á. Sýnir það m.a. að mati dómsins, að stefnanda sé ljóst, að varakröfur hans séu vart dómtækar, eins og þær liggja nú fyrir.

Að öllu þessu athuguðu þykir rétt að vísa málinu frá dómi.

Miðað við þessi úrslit og með vísan til 2. tl. 130. gr. laga nr. 91/1991 skal sóknaraðili, Eikin-Ís hf., greiða sameiginlega þeim stefndu, sem tekið hafa til varna í málinu og tilgreindir eru í úrskurðarorði, málskostnað, sem ákveðst kr. 40.000,00.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Sóknaraðili, Eikin-Ís hf., greiði sameiginlega stefndu, Heild hf., Frico hf., Guðmundi Jónssyni hf., Insúlu hf., J.S. Gunnarssyni hf., Járni og gleri hf., Ólafi Gunnarssyni hf., Látri hf., Raftækjaverslun Íslands hf., Sigurði H. Egilssyni, Sigurði H. Egilssyni hf. og Vélum og verkfærum hf., kr. 40.000,00 í málskostnað.